Veiðistaðir í Geirlandsá

Geirlandsá | 01. Garður 1

Geirlandsá | 02. Garður 2

Geirlandsá | 03. Garður 3

Geirlandsá | 1. Ármót

Frá nýju brúnni og upp að Ármótum kemur flatlendi, nokkuð langt og veiðistaðalaust. Eftir að Stjórn og Geirlandsá koma saman heitir vatnsfallið Breiðbalakvísl. Ármótin hafa í gegnum tíðina verið lang gjöfulasti veiðistaðurinn í ánni. Þar myndast álar sem í vatnavöxtum breytast oft. Í vorveiði eru Ármótin besti staðurinn í ánni. Oftast er þetta stór og langur veiðistaður, og ekkert því til fyrirstöðu að tveir eða fleiri veiðimenn renni þarna í einu. Ármótin eru oftast veidd frá austurbakkanum. Fyrir mörgum árum var til hylur sem hét Bakkahylur, sá staður var ofan við ósinn á Stjórn, hann er nú allur, því áin rennur nú austar á eyrunum.

Fallegir nýgengnir laxar veiddir í júlí 2001.

Geirlandsá | 2. Bakkahylur

Geirlandsá | 3. Tóftarhylur

Sá veiðistaður er á sífelldum flækingi, eins og margir veiðistaðir þarna niðri á eyrunum. Hann er stundum í beygjunni eins og hann er merktur á veiðikortinu. Stundum fyllist sá hluti af möl, og þá skeður það í leiðinni, að það grefst frá stóru grjótfyllingunni, sem er þarna við vesturbakkan.
Við þessa grjótfyllingu liggur oft fiskur. Þessi veiðistaður er oftast veiddur frá eyrinni austanverðu.

Geirlandsá | 4. Brúarhylur

Hann er mjög breytilegur, þarna eru restar af gömlu brúarstólpunum, og við þessa stólpa eru oft góðir tökustaðir því fiskurinn liggur mjög nærri þeim. Oft getur verið erfitt að koma til hans agni, ein aðferðin er að vaða út í ána fyrir ofan og renna maðki meðfram stólpunum . Á milli Brúarhyls og Fjárhúsabakka er allmikið eyrasvæði. Áin breytir sér mikið þarna og myndast þá stundum álar og breiður, einkum beint vestur af kirkjunni í Prestbakka. Það getur því borgað sig að rölta eyrarnar og þá helst eftir vatnavexti.

Geirlandsá | 4A. Búrhylur

Geirlandsá | 4B. Mastrið

Geirlandsá | 5. Fjárhúsabakki

Það er ekki ofmælt, þegar sagt er að Fjárhúsabakki sé einn besti og fallegasti veiðistaðurinn í ánni. Ef einhvers staðar má ganga að fiski vísum, þá er það þarna. Í sumum árferðum getur áin að vísu skipt sér fyrir neðan Kleifarnefið sem er næsti veiðistaður fyrir ofan og getur þá aðalrennsli árinnar farið með austurbakkanum meðfram Prestbakka og er þá ekki mikið rennsli í gegnum hylinn sem gerir það að verkum að minna veiðist á þessum stað en ella. Þetta er langur og fallegur hylur. Þarna liggur áin að klöpp að vestan, en eyri að austanverðu. Helsti tökustaður er ofanvert við klapparhorn sem gengur þarna fram í hylinn neðantil. Þar er vík inn í vesturbakkann með dálítilli eyri í, og út af þeirri eyri veiðist mest. Annar tökustaður er á breiðunni neðan við klöppina, og þá helst í miklu vatni.

Geirlandsá | 6. Kleifarnef

Rétt ofan við Fjárhúsabakka er Kleifarnef. Þessi veiðistaður var fullur af möl fyrir nokkrum misserum en áin er búin að sópa henni í burtu. Þessi hylur er einn sá alstærsti og fallegasti í ánni í dag og hefur verið sá gjöfulasti undanfarin ár. Þennan veiðistað verður að veiða frá austurbakkanum, því að þarna eru háar klappir að vestanverðu. Mikið dýpi er í hylnum og liggur oft fiskur rétt fyrir neðan merkið en í miklu vatni getur hann legið niður allan hylinn niður á breiðuna fyrir neðan. Þarna rétt fyrir ofan er ósinn á Þverá, við þennan ós er oft allstór breiða í ánni, sem stundum gefur fisk.
Þegar hér er komið sögu, breytist landslagið við ána. Hér fyrir neðan rennur hún eftir flatlendi og eyrum, en upp frá þessu taka við háar brekkur báðum megin við ána. Þar er minni breyting á hyljunum, en þó nokkur.

Geirlandsá | 7. Fernishylur

Fernishylur liggur undir háum bökkum að austanverðu en eyri að vestan. Veiddur af vestanverðri eyrinni. Erfitt er að veiða hann frá austurbakkanum. Helsti tökustaður er neðan til í hylnum. Gjöfull laxastaður.

Geirlandsá | 7a Raftstöðvastrengur

Rafstöðvastrengur er langur strengur sem rennur með vesturbakkanum og er orðin nokkuð gjöfull staður í seinni tíð. Staðurinn er oftast veiddur frá austurbakkanum af eyrinni sem þar er. Fiskur getur legið í öllum strengnum en oftast er besti tökustaðurinn rétt ofan merkis.

Geirlandsá | 8. Mörtungunef

Mörtungunef er löng breiða, eyri að vestanverðu en nokkuð brattur bakki eða nef sem staðurinn dregur nafn sitt af að austan. Veiddur vestanmegin frá. Þarna er sérlega gott að veiða á flugu eða devon. Tökustaðir eru um allan hylinn, fer svolítið eftir vatnsmagni. Fiskurinn liggur oft fast við austurbakkann.

Geirlandsá | 9. Bláberjabrekka

Þessi veiðistaður er mjög breytilegur, áin rennur nú með klettinum við vesturbakkann. Þarna eru nú þrír aðskildir hylir, en ekki er skráð mikil veiði þarna. Tökustaðir geta verið um alla hylina, en gengur oft illa að fá fiskinn til að taka.

Geirlandsá | 10. Réttarhylur

Þarna er klapparnef sem gengur út í ána að austanverðu, sem beinir henni svolítið út á eyrarnar. Frá nefinu hefur grafist stór hola, síðan tekur við strengur og breiða. Þetta er einn af fáeinum hyljum í ánni sem virðast lítið sem ekkert hafa breyst í gegnum tíðina. Einna helst veiddur frá eyrinni. Þetta svæði vill verða nokkuð útundan, því í það er þó nokkur spölur, sem fara verður fótgangandi. Helstu tökustaðir eru rétt fyrir neðan klapparnefið, og einnig á breiðunni fyrir neðan

Geirlandsá | 11. Marðarhellir

Þetta er langt svæði, klettar að ánni að austan, en eyri að vestan, aðeins veiddur frá eyrinni. Þarna eru straumþungar rennur meðfram austurlandinu. Helsti tökustaður er lygna efst við klettinn.

Geirlandsá | 12. Skóghylur

Skóghylur er einn af stóru hyljunum í ánni. Hylurinn er nokkuð breytilegur á milli ára hvað malarburð varðar, áin á það til sum árin að fylla nánast hylinn af möl þannig að fiskur stoppar illa í honum. Áin rennur upp að vesturlandinu í kröppum sveig. Þennan veiðistað verður að veiða frá austurlandinu, lítil breyting verður á þessum hyl á milli ára. Þetta er stór og fallegur veiðistaður, sem oftast gefur nokkra laxa og sjóbirtinga. Tökustaðir geta verið um allan hylinn, þó sérstaklega neðst við klöppina og efst í strengnum.

Geirlandsá | 13. Breiðutorfuhylur

Mikill uppáhaldsstaður margra Geirlandsárunnenda. Efst í hylnum eru stakir, stórir steinar úti í ánni, þegar mikið vatn er í henni, liggur oft fiskur við þessa steina. Þarna er mjög löng og djúp renna meðfram klöpp að austanverðu. Í þessari rennu liggur oft fiskur, en getur verið erfitt að fá hann til að taka. Neðan við klöppina breiðir áin úr sér, og hylurinn verður lygn og breiður, en þar niður á breiðunni, er einn besti tökustaðurinn. Eins getur fiskur átt það til að liggja alveg niðri á brotinu.

Geirlandsá | 14. Búlandssteinn

Þessi staður er mjög breytilegur. Þarna eru holur sem eru dálítið álitlegar þegar mikið vatn er í ánni. Fiskurinn liggur oft fast við neðri steininn.

Geirlandsá | 15. Flatarhylur

Flatarhylur er einn af þeim hyljum, sem breytast lítið. Þarna er klöpp að vestanverðu, og eyri að austan. Frá eyrinni er oftast veitt. Flatarhylur er alldjúpur, og fiskur liggur þarna djúpt. Oft er erfitt að koma til hans agni. Í miklu vatni liggur fiskur niðri á breiðunni, og þá er betra að ná til hans. Upp að Flatarhyl er bílfært en þaðan verður að ganga, ef menn ætla lengra.
Hér hefst gljúfrið með háum hamraveggjum, og hrikalegum klettamyndunum á báðar hendur. Fyrir neðan hylinn breiðir áin mikið úr sér, og þar skapast gott vað yfir ána, ef menn ætla upp í gljúfur, en það má kalla ófært að austanverðu.

Geirlandsá | 16. Hvannhilla

Þetta er nokkuð langur veiðistaður og áin vanalega runnið austanmegin með klettunum og hefur fiskur þá legið fast með berginu. Í seinni tíð hefur staðurinn tekið miklum breytingum og rennur aðalrennslið nú í hylinn beint yfir eyrina og skellur á klettanefinu sem vatnsmælirinn stendur á. Mikið hringstreymi er í hylnum og besti tökustaðurinn rétt neðan hringstreymisins.

Geirlandsá | 17. Lundasteinar

Þetta er veiðistaður við stakan klett, sem stendur í vesturbakka árinnar. Lundasteinar eru ekki stór hylur, en djúpur og fremur veiðilegur staður, en á hinn boginn ekki gjöfull. Oftast veiddur frá austurbakkanum.

Geirlandsá | 18. Höfðabólshylur

Höfðabólshylur er stór og langur hylur, sérlega fallegur, breytist lítið milli ára. Efst í honum er nokkuð krappur strengur, að vestanverðu eru stórir steinar í árbakkanum. Að austanverðu er eyri, þar er best að veiða. Þessum stað má í raun skipta í tvo hluta, ofan til í hylnum er nokkuð þungur straumur, þar sem áin fellur þröngt, síðan breiðir hún úr sér og verður mun lygnari, þegar sæmilegt vatn er í ánni eru tökustaðir víða í hylnum, frá efsta streng og langt niður á breiðu. Höfðabólshylurinn er sérlega skemmtilegur flugustaður.

Geirlandsá | 19. Tvístæðingshylur

Þetta er í rauninni tveir hyljir, þ.e.a.s. efri og neðri. Sá efri er frekar lítill, þar er mikill hringiðustraumur og getur því verið erfitt að stjórna agni. Sá neðri er mjög skemmtilegur veiðistaður, en til að veiða hann þarf að komast á eyrina að vestanverðu. Þarna er eins og víða í ánni, klapparnef sem skagar út í ána. Þar ofan við er hringiða, og strengur framhjá klettarnefinu, síðan tekur við löng breiða niður með klettinum. Þarna hafa gegnum tíðina veiðst vænir laxar og sjóbirtingar.

Geirlandsá | 20. Eyjahylur

Sá veiðistaður er einn af allra stærstu hyljum í ánni, djúpur og stór um sig, en lygn neðan til, og oftast í nokkuð þungum streng efst. Margir veiðimenn hafa ekki náð tökum á þessum fallega hyl, einfaldlega vegna þess að hann er ekki auðveldur. Að vestanverðu er skörp klettabrún niðri í vatninu, sem grafið hefur innundan. Þar liggur oft fiskur, en getur verið erfitt að koma til hans agni. Eyjahylur hefur í gegnum árin, verið einn af stórfiskastöðunum í ánni.

Geirlandsá | 21. Miðtungnaárhylur

Þegar hér er komið sögu, fer gljúfrið að verða erfiðara yfirferðar og brattar klappir með ánni. Þetta svæði er sennilega lítið stundað, margir veiðimenn láta sér nægja að fara upp að Eyjahyl. Frekar fáir fiskar veiðast þarna fyrir ofan. Hylurinn er djúp renna úti á eyrunum, og vissulega fremur veiðilegur staður, en getur breyst nokkuð milli ára.

Geirlandsá | 22. Hagagljúfur

Í þennan veiðistað er nokkur spölur, en ef menn ætla að stunda Geirlandsá, og sjá allt sem hún hefur upp á að bjóða, verða þeir að vera tilbúnir að ganga dálitlar vegalengdir. Þarna er stór, mosavaxinn steinn úti í miðjum hylnum, og lygnt en djúpt í kringum hann. Helstu tökustaðir eru við steininn, og jafnvel innundir honum. Þessi staður breytist sáralítið milli ára.

Geirlandsá | 23. Fosshylur

Hagafoss er sérlega fallegur og tignarlegur foss. Þarna er Klettagjá, og feiknarlega djúpur hylur undir fossinum. Þarna veiðast mjög fáir fiskar, einna helst bleikja. Ef einhvers staðar má ganga að bleikjunni vísri, þá er það þarna í Fosshylnum. Í miklu vatni kemur oft fyrir að lax liggur í rennunum þar sem klöppin er við útfallið upp úr hylnum.